

EFTIRLITSSKÝRSLA

Vegagerðin Reyðarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	28.9.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Vegagerðin	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Borgartúni 5 - 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	680269-2899	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Ari B Guðmundsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Davíð Þór Sigfússon	Staðsetning	N65°01'524 V14°12'563

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit fundust tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi. Þrjár athugasemdir voru gerðar við bikstöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Dagskrá:

1. Fundur um kröfur í starfsleyfi og skoðun gagna.
2. Skoðun á mengunarvörnum stöðvarinnar.
3. Samantekt og kvittun fyrir eftirliti afhent.

Ari B. Guðmundsson er tengiliður rekstraraðila við Umhverfisstofnun. Sest var niður með starfsmönnum Vegagerðarinnar á Reyðarfirði og farið yfir kröfur í starfsleyfi. Þetta er fyrsta eftirlit Umhverfisstofnunar í Bikstöð Vegagerðarinnar á Reyðarfirði eftir að stöðin fékk starfsleyfi.

Farið var yfir áætlanir sem kröfur eru gerðar um, áætlanir um frágang vegna tímabundinnar og/eða varanlegrar rekstrarstöðvunar og áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda. Ábyrgðartrygging vegna mengunartjóna skal liggja fyrir.

Gerð er krafa um að í stöðinni sé rekstrarhandbók og skráninga á innra eftirliti stöðvarinnar. Skráningar sem krafa er gerð um er m.a. skráningar á viðhaldi, eftirliti og bilunum í mengunarvarnarbúnaði, magn og gerð úrgangs sem fellur til ásamt skráningar á þjálfun starfsmanna. Eftirlit með mengunarvarnarþróum og olíuskiljum skal skrá í handbókina. Niðurstöður mælinga á olíuleifum í frárennsli mengunarvarnarþróar, niðurstöður þrýstiprófana á olíufylltum lögnum og þykktarmælingar á geymum skal einnig skrá í rekstrarhandbók.

Verklagsreglur vegna löndunar á biki voru skoðaðar og var sammælt um að kominn væru tími á að yfirfara þær og uppfæra eftir þörfum.

Bikgeymirinn var þykktarmældur í janúar 2016 en aðra geyma þarf að þykktarmæla við fyrsta hentugleika. Samkvæmt grein 3.2 í starfsleyfi skal botnþykktarmæla geyma á 10 ára fresti. Í sömu grein starfsleyfisins kemur fram að olíufylltar lagnir skal þrýstiprófa á 5 ára fresti. Löndunarlögn fyrir bik og olíufylltar hitunarlagnir þarf því að þrýstiprófa.

Vegagerðin og Olíudreifing ehf. samnýta mengunarvarnarþró og sinnir Olíudreifing viðhaldi og eftirliti með olíuskilju sem henni tengist.

Gengið var um athafnasvæði bikstöðvarinnar. Áfylling flutningabifreiða fer fram á malarplani við hlið bikgeymisins. Snyrtilegt yfirbragð var á stöðinni.

Allmikið af WETFIX N er geymt í þrónni sem geymarnir standa í. Efnið er merkt „Class 8“ eða tærandi og þarf að hafa í huga að varasamt getur verið að geyma eldfim efni og tærandi efni nálægt hvoru öðru. Eldur getur kviknað ef efnin ná að hvarfast saman.

Frávik frá

frá ákvæði í grein 2.2

Lýsing á frávik

Krafa er gerð um að áfylling flutningsgeyma (bíla) skuli fara fram á olíuheldu áfyllingarplani með niðurfalli í lægsta punkti sem tengt er olíuskilju.

frá ákvæði í grein 3.2

Botnþykktarmæla skal geyma og þrýstiprófa olíufylltar lagnir.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd 1: Afstöðumynd og flæðirit

Í grein 1.11 í starfsleyfi er gerð krafa um að afstöðumynd og flæðirit af stöðinni séu ávallt tiltækar á vinnustað. Teikning af neðanjarðarlögnum ásamt þróarloka og tengingu við olíuskilju þurfa að koma fram á uppdrættinum þannig að starfsmenn átti sig á hvaða loka skuli opna til þess að tæma uppsafnað rigningarvatn og leysingavatn úr þrónni og hvaða lokar skuli athuga verði mengunaráhapp.

Athugasemd 2: Verklagsreglur um löndun á olíu (biki).

Í grein 2.3 í starfsleyfi er krafa um að fyrir liggi verklagsreglur um löndun á olíu og að þær hafi fengið samþykki Umhverfisstofnunar. Í eftirliti var sammælt um að verklagsreglurnar yrðu yfirfarnar og uppfærðar ef þurfa þætti en síðan sendar til Umhverfisstofnunar til samþykkis. Mikilvægt er að nýir starfsmenn sem koma að löndun olíu séu vel að sér í innihaldi verklagsreglanna og hljóti viðeigandi þjálfun.

Athugasemd 3: Rekstrarhandbók

Í grein 3.3 í starfsleyfi er krafa um að rekstrarhandbók sé í oliubirgðarstöðinni (bikstöðinni). Uppfæra þarf skrár og skipuleggja þannig að eftirlitsaðilar hafi þar greinargóðar upplýsingar um skráningar og mælingar í stöðinni.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 09.11.2016



Gottskálk Friðgeirsson